

1862.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, fellst á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson sé fyrst um sinn settur sem kennari við skólann, með þeim kjörum sem þér hafið stungið upp á, og sé það talið frá 1. degi þessa mánaðar; en því skal við bætt, að farið er að skrifast á við fjárstjórnina um, hvort Jón Þor- kelsson, settur adjunkt, eigi að fá launaviðbót eptir kornverði þann tíma, sem hann er settur til að gegna 4. adjunktsembættinu við Reykjavíkurskóla.

**66. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing
yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.**

27. októberm.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 14. ágústm. þ. á., frá Pètri prófessor Pétursyni og Sigurði prestaskólakennara Melsted í Reykjavík, um styrk til að gefa út 3. deild af riti, sem þeir hafa byrjað á, og heitir: „Þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu“, hefir stjórnarráðið veitt beiðendunum 100 ríkisdali, er það hefir gjört ráð fyrir, að þessi deild ritsins eigi verði stærri en fyrsta deild.

Þetta sé yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að greiða fé þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

**67. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um reglugjörð fyrir barnaskól-
ann í Reykjavík, og instrúx handa kennurunum
við skóla þenna.**

27. októberm.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. júlím. þ. á.

1862. hefir meðtekið álitsskjal skólanefndarinnar, það er beðið var
 27. októberm. um í bréfi hëðan 22. maím., viðvíkjandi því, er bæjarstjórnin í Reykjavík hafði stungið upp á, að stytur yrði kennslutíminn í barnaskóla þeim, sem nú er búið að stofna í kaupstað þessum, þá hefir stjórnarráðinu virzt, að taka ætti til greina uppástungu bæjarstjórnarinnar í þessu efni, og hefir það í dag gefið út samkvæmt tilskipun 11. desemberm. 1860 reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík og instrúx fyrir kennarana við skóla þenna.

Um leið og yður með bréfi þessu eru send skjöl þau, er nú var getið, skal því við bætt, að kirkju- og kennslustjórninni hefir virzt réttast að fallast ekki á uppástungu bæjarstjórnarinnar um að sleppt skyldi úr 18. grein frumvarpsins ákvörðunum um undirkennarann; því gjöra má ráð fyrir, að nauðsyn verði á þegar fram líða stundir að skipa tvo fasta kennara við skólann, en á hinn bóginn fellst stjórnarráðið á, að fyrst um sinn sé að eins skipaður einn kennari, er fái þau laun, sem eptir 18. grein eru ætluð yfirkennaranum; þess skal og getið, að það er vitaskuld, að skólastjórnin, hvenær sem er, getur tekið tímakennara eptir þörfum skólans fyrir borgun þá, sem um verður samið.

27. októberm. **68. Reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík.**

I.

Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kennslu þeirra og yfirheyrslu, og um útskrift þeirra úr skólanum.

1. gr. Það er ætlunarverk skólans að gjöra úr börnunum ráðvanda og siðferðisgóða menn og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar í þjóðfélaginu.

2. gr. Í barnaskólann má veita viðtöku sérhverju barni í Reykjavíkurkaupstað, sem orðið er fullra 7 ára að aldri og er þannig undirbúið, sem nákvæmar er ákveðið í áætluninni um, hvað kennt skal í skólanum. Svo má og taka í skólaun börn, sem eiga heima annarstaðar en í kaupstaðnum, með því skilyrði, er nú var getið, að svo miklu leyti sem rúm er til þess.